

Nd.

739. Frumvarp til laga

[437. mál]

um breyting á almennum hegningarlögum, nr. 19/1940, með áorðnum breytingum.

(Lagt fram á Alþingi á 107. löggjafarþingi 1984—1985.)

1. gr.

Úr 11. gr. falli niður orðin: „og 9. gr.“

2. gr.

33. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Refsivist skal taka út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli og skal ákveðið nánar í reglugerð hvernig úttektin fer fram.

Þegar fullnægja á refsivist er heimilt að handtaka dómþola og gilda þá ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á.

3. gr.

37. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Vinnuskylda fylgir fangelsisvist. Fanga skal greiða laun fyrir vinnuna. Vinnulaun má taka til greiðslu á skaðabótum eða öðrum útgjöldum sem fanginn verður ábyrgur fyrir meðan hann er að afplána refsinguna.

Heimila má fanga að stunda vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis og ákveður fangelsisstjóri í samráði við dómsmálaráðneytið hvernig gæslu skuli hagað.

Veita má fanga leyfi til dvalar utan fangelsis um skamman tíma einkum þegar slíkt telst heppilegt sem þáttur í refsifullnustu.

Nánari reglur um vinnu fanga, vinnulaun, dvöl utan fangelsis og leyfi samkvæmt þessari grein skal setja í reglugerð.

4. gr.

40. gr., sbr. lög nr. 16/1976, breytist svo:

a. Í stað töluorðsins „3“ í 1. mgr. komi: töluorðið „2“.

b. Á eftir 2. mgr. komi ný málsgrein svohljóðandi:

Reynslulausn verður eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar.

5. gr.

4. mgr. 42. gr., sbr. lög nr. 16/1976 orðist svo:

Nú er ákveðið að láta aðila taka út eftirstöðvar refsitíma. sbr. 2. mgr., og má þá veita reynslulausn þótt eigi sé fullnægt tímaskildögum þeim sem greinir í 1. og 2. mgr. 40. gr. Í þessu tilviki gilda ákvæði 41. gr. um reynslutíma. Sé aðili látinn hefja afplánun að nýju vegna rofa á öðrum skilyrðum en þeim að fremja ekki nýtt brot á reynslutímanum skal dreginn frá sá tími sem hann hefur notið reynslulausnar áður.

6. gr.

47. gr., sbr. lög nr. 100/1951, orðist svo:

Beita má fanga eftirtöldum agaviðurlögum:

1. Svipting réttinda sem fangar almennt njóta samkvæmt reglugerð.

2. Svipting vinnulauna.

3. Einangrun í allt að 60 daga fyrir varðhaldsfanga og allt að 90 daga fyrir fanga sem eru í fangelsisvist.

4. Enn fremur má svipta varðhaldsfanga rétti til þess að útvega sér eða taka við öðru fæði en því sem fangelsið veitir.

Beita má fleiri en einni tegund viðurlaga samtímis.

Einangrun má ekki lengja refsivist fanga um meira en þriðjung dæmnds refsitíma, nema samþykki dómismálaráðherra sé fengið og aldrei um meira en helming dæmnds refsitíma.

Í reglugerð skal setja nánari ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

7. gr.

50. gr., sbr. lög nr. 75/1982, orðist svo:

Eigi má beita hærri fésekt en 4 milljónum króna, nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

8. gr.

Í 1. mgr. 83. gr. a., sbr. lög nr. 20/1981, komi í stað töluröðsins „5 000“ töluröðin „20 000“.

9. gr.

Í 110. gr. falli niður orðin „í 6 mánuði og“.

10. gr.

180. gr. falli niður.

11. gr.

2. mgr. 256. gr., sbr. lög nr. 69/1964, orðist svo:

Ef tjón af brotinu nemur ekki yfir 7 000 krónum, og engin sérstök atvik auka saknæmi þess og sökunautur hefur ekki áður reynst sekur um auðgunarbrot, skal mál eigi höfðað nema almenningshagsmunir krefjist þess.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samið í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu í samráði við ráðgjafa ráðuneytisins í hegningarlagamálum, Jónatan Þórmundsson, prófessor. Við samningu þess var einnig höfð hliðsjón af tillögum sem fram hafa komið í hegningarlaganefnd. Rétt er að geta þess að sú nefnd var lögð niður um síðastliðin áramót.

Í frumvarpinu eru lagðar til breytingar á ýmsum greinum hegningarlaganna en einkum varða breytingarnar þó málefni þeirra sem afplána refsivist.

Um 1. gr.

Hér er um breytingu á texta að ræða sem leiðir af því að 9. gr. var felld úr gildi með lögum um framsal sakamanna og aðra aðstoð í sakamálum nr. 13/1984.

Um 2. gr.

33. gr. fjallar nú um hvar skuli taka út refsivist. Í 1. mgr. 2. gr. er lagt til að í stað hegningarhúss sem úttektarstaðar verði kveðið svo á að refsivist skuli tekin út í þeim stofnunum sem til þess eru ætlaðar samkvæmt lögum um fangelsi og vinnuhæli.

2. mgr. er nýmæli. Þar er lagt til að heimilað verði að handtaka dómþola sem færa á í úttekt refsingar, hvort sem er vegna refsivistar sem dæmd er sem aðalrefsing eða vegna refsivistar sem er vararefsing fésektar.

Talið hefur verið að ekki lögju fyrir bein lagaákvæði sem heimiluðu slíka handtöku og er lagt til að þetta ákvæði verði sett til að taka af öll tvímæli um lögmæti hennar. Lagt er til að um meðferð þeirrar aðgerðar gildi ákvæði VII. og VIII. kafla laga um meðferð opinberra mála eftir því sem við á, en þeir kaflar fjalla um leit og handtöku.

Um 3. gr.

37. gr. fjallar nú um vinnu fanga meðan á fangelsisvist stendur. Í 3. gr. eru lagðar til nokkrar breytingar og viðbætur.

Eru þær helstar að skýrt er kveðið á um skyldu til að greiða fanga laun fyrir vinnu hans í fangelsinu, svo sem mælt er fyrir í 2. mgr. 8. gr. laga um fangelsi og vinnuhæli nr. 38/1973, heimilað verði að fangi stundi vinnu, nám eða starfsþjálfun utan fangelsis, en ekki einungis útvinnu eins og nú segir í 2. mgr. 37. gr. og einnig að heimilað verði að leyfa fanga skamm-tímadvöl utan fangelsisins án þess að um nám eða vinnu sé að ræða, enda sé slík dvöl utan fangelsisins talin heppileg fanga til endurhæfingar og aðlögunar að samfélaginu utan fangelsisins að refsivist lokinni.

Slík leyfi hafa um alllangt skeið tíðkast á hinum Norðurlöndunum. Fangar hafa talsvert leitað eftir því að fá slík leyfi einnig tekin upp hér. Undanfarin missiri hefur verið gerð tilraun í smáum stíl með slík leyfi þannig að föngum sem hafa hlotið langa refsidóma hefur verið gefinn kostur á eins dags leyfi á hálf árs fresti á síðasta hluta refsivistarinnar, enda hafi slíkt verið talið samræmast öryggiskröfum bæði af hálfu fangelsisstjóra og ráðuneytisins.

Greinin gerir ráð fyrir því að nánari ákvæði um framkvæmd þeirra atriða sem greinin fjallar um verði sett í reglugerð.

Um 4. gr.

Nú segir svo í 1. mgr. 40. gr.: „Þegar fangi hefur tekið út $\frac{2}{3}$ hluta refsitímans, en þó minnst 3 mánuði, getur dómismálaráðherra eða annað stjórnvald sem hann felur úrlausn slíks máls, ákveðið að fanginn skuli látinn laus til reynslu.“

Í a-lið er lagt til að lágmarkstími fyrir þá sem hljóta reynslulausn að loknum $\frac{2}{3}$ hlutum refsitímans verði lækkaður úr þremur mánuðum í tvo mánuði. Með þessu er verið að stuðla að auknu notagildi ákvæðisins og draga úr notkun undantekningarákvæðisins í 2. mgr. 40. gr. sem heimilar reynslulausn er helmingur refsitímans er liðinn. Jafnframt er verið að samræma ákvæðið samsvarandi ákvæðum í hegningarlögum hinna Norðurlandanna.

Í b-lið er lagt til að á eftir 2. mgr. 40. gr. komi ný málsgrein sem segir að reynslulausn verði eigi veitt ef eftirstöðvar refsitímans eru skemmri en 30 dagar. Hér er fyrst og fremst verið að takmarka það ákvæði núgildandi 2. mgr. 40. gr. sem segir að reynslulausn megi veita, ef sérstaklega stendur á, þegar liðinn er helmingur refsitímans. Sú breyting sem hér er lögð til þýðir að ekki verður veitt helmingslausn til reynslu á skemmri dómum en tveggja mánaða refsivist. Þessi breyting er einnig gerð til samræmis við hliðstæð ákvæði í hegningarlögum hinna Norðurlandanna. Þá þykir óeðlilegt að veita reynslulausn af styttri dómum en 2ja mánaða refsivist.

Um 5. gr.

Lagt er til að sú breyting verði gerð á 4. mgr. 42. gr. að fyrri reynslutími komi ekki til frádráttar við síðari reynslulausn nema aðili hafi ekki framið nýtt afbrot og því í reynd um reynslulausn vegna sama dómsins að ræða.

Um 6. gr.

Í núgildandi grein segir að „ákvæði um viðurlög við brotum fanga á reglum hegningarhússins skal setja með reglugerð.“ Þær reglur sem vísað er til hafa almennt ekki verið settar fyrir einstök fangelsi. Um það hvað er brot á reglum fangelsa ríkir óvissa. Í framhaldi af þessari lagabreytingu er ráðgert að setja í reglugerð um fangavist ítarleg ákvæði um beitingu agaviðurlaga.

Þá er lagt til að brott falli orðið „refsiklefi“ úr núgildandi ákvæði. Nú er einangrun vegna agabrota beitt í klefum sem sambærilegir eru við almenna fangaklefa.

Um 7. gr.

Samkvæmt ákvæði 50. gr. má nú eigi beita hærri fésekt en 1 milljón króna nema heimild sé til þess í öðrum lögum.

Hér er lagt til að hámarkið verði 4 milljónir króna. Síðast var sektarhámarkinu breytt með lögum nr. 75/1982. Miðað við þróun verðlags frá þeim tíma er þessi hækkun nauðsynleg en eðlilegt þykir að láta hámarkstöluna standa á heilli milljón króna. Þá er þess einnig að gæta að nú fylgja sektarákvæði sérrefsilaga sektarhámarki almennra hegningarlaga og er því nauðsynlegt að miða hámarkið einnig við þær breyttu aðstæður.

Um 8. gr.

Hér er lagt til að hækkuð verði þau mörk sem ákveða lengd fyrningarfrests á fésektarrefsingu. Samkvæmt núgildandi ákvæði sem sett var með lögum nr. 20/1981 er þriggja ára fyrning á fésekt sem er innan við 5 000 krónur en fimm ára fyrningarfrestur á hærri sektum. Hér er lagt til að þetta mark verði hækkað í 20 000 krónur.

Um 9. gr.

Samkvæmt 110. gr. almennra hegningarlaga varðar það fangelsi í sex mánuði og allt að þremur árum ef fangar í refsivist sammælast um að hjálpast að að strjúka. Hér er lagt til að lágmarksrefsing verði felld niður þannig að heimilt verði að dæma skemmra fangelsi en sex mánuði fyrir slíkt brot. Hámarkið standi hins vegar óbreytt.

Breyting þessi er í samræmi við þróun refsíákvæða bæði hér og á hinum Norðurlöndunum og verður lágmark refsingar þá það sem tiltekið er í 34. gr. sem almennt lágmark fangelsisrefsingar eða fangelsi í 30 daga.

Má benda á í þessu sambandi svipaða breytingu á refsilágmarki sem gerð var í 142. gr. með lögum nr. 101/1976 er 3 mánaða refsilágmark var felld niður vegna rangs framburðar.

Um 10. gr.

Hér er lagt til að 180. gr. verði felld úr gildi. Grein þessi fjallar um vanrækslu á framfærsluskyldu eða á greiðslu meðlags vegna óreglu eða slæpingsskapar svo og um það ef maður verður sveit sinni til þyngsla af sömu ástæðum. Leggur greinin allt að 6 mánaða fangelsi við slíkri hegðan ef viðkomandi vill ekki sinna tilhlýðilegri vinnu sem yfirvöld vísa honum á.

Grein þessi telst vart samrýmast nútíma þjóðfélagsháttum og þeim ákvæðum um félagslega aðstoð og frelsi einstaklingsins sem nú gilda.

Einnig hefur sú kvöð að þurfa að sinna vinnu sem vísað er á, en sæta fangelsi ella, lengi sætt gagnrýni af hálfu Alþjóðavinnuálastofnunarinnar (ILO) og er af sérfræðinganefnd stofnunarinnar talin brjóta í bága við Alþjóðavinnuálagssamþykkt nr. 29 um nauðungarvinnu (Forced Labour) en sú samþykkt var fullgilt af Íslands hálfu 1958.

Félagsmálaráðuneytið hefur ítrekað óskað eftir því að þessu ákvæði verði breytt eða það afnumið, nú síðast í bréfi dags. 23. mars 1984.

Ekki er vitað til þess að ákvæði þetta hafi verið notað.

Er því talið eðlilegast að fella grein þessa í heild úr gildi.

Um 11. gr.

Lagt er til að 2. mgr. 256. gr. verði breytt á tvennan hátt.

Í fyrsta lagi verði viðmiðun hækkuð úr 30 krónum í 7 000 krónur. Eins og ákvæðið er nú er það úrelt og því gagnslaust.

Í öðru lagi er lagt til að í stað þess sem nú segir að því aðeins verði opinbert mál höfðað að sá krefjist sem misgert var við, komi ákvæði þess efnis að mál verði eigi höfðað nema

almenningshagsmunir krefjast þess. Breytingin á málshöfðunarreglunni er í samræmi við þá stefnu að almannahagsmunir fremur en ákvörðun einstaklings, sem brotið er gegn, ráði því hvort mál er höfðað. Nýlegt dæmi um slíka breytingu er þegar 217. gr. var breytt með 10. gr. laga nr. 20/1981. Þessi málshöfðunarregla stuðlar að meira samræmi í ákærum fyrir minni háttar auðgunarbrot.

Miðar þessi breyting að því að almennt verði ekki gerður reki að refsímáli undir þessum kringumstæðum nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi sem að mati ákværuvaldsins geri refsímál nauðsynlegt.